

Tungutak 3: Kennarahandbók

1. Allrahanda I

1.1 Ritun

Ritunin ætti að fá góðan tíma í 10. bekk, þ.e. að loknum samræmdu prófunum og í því sambandi má vísa í sérstakt skjal Skólavefsins um hvers kyns ritun (lýsingu, rökfærsluritgerð, heimildaritgerð o.s.frv.).

En gott er að hafa stuttar ritunaræfingar í undirbúningi samræmdu prófanna. Mælt er með að nemandinn geri þessa æfingu í tíma og ímyndi sér að hann sé í samræmdu prófi. Hann getur notað þau lykilorð sem gefin eru upp og skipt í stuttar efnisgreinar á svipaðan hátt og hér er ráðlagt.

Síðan er mælt með að leikurinn verði endurtekinn með nýju efni (sjá t.d. skjalið um ritun) og láta nemendur þá vinna verkefnið hjálparlaust. Leggjum áherslu á að nemandinn gefi sér tíma til að skrifa lykilorð og raða þeim skynsamlega upp áður en hann byrjar á sjálfum textanum.

Kennarinn hefur ekki tíma til að fara yfir öll verkefni. En hann þyrfti að ræða um helstu ágalla sem fram koma. Reynslan segir okkur að helstu gallar séu þessir:

1. Byrjunin er ekki þróttmikil.
2. Málsgreinar eru óþarflega langar.
3. „Flæði“ er ekki nógu gott, hvorki milli málsgreina né efnisgreina.
4. Endirinn er máttlítill.

Mælum með einu eða tveimur orðatiltækjum, jafnvel málshætti. En þá er eins gott að fara rétt með (ekki segja t.d. „hann kom eins og þjófur úr heiðskíru lofti“).

Mælum einnig með því að nemendur séu dálítið persónulegir, þori að taka dæmi af sér eða sínum („Amma mín hefur kennt mér að“ o.s.frv.).

Forðumst klisjur („Í þessari ritgerð ætla ég að...“).

Forðumst augljós talmálseinkenni („Ég er ekki að skilja þetta“).

Til greina kæmi að fá tvo eða þrjá nemendur til að lesa upp eigin texta sem þá mætti ræða.

Hvernig væri að byrja tímenn á þessari gátuvísu eftir Sigurkarl Stefánsson stærðfræðing og kennara (og tengja hana síðan við ofnotkun okkar á ókei-inu!)?

Ég er fjall með frónskri brá,
fyrnum tengiliður,
orðaleppur enskum hjá,
alla beygi niður.

Lausnarorðið er í hverri línu.

frónskur: íslenskur (sbr. *Frón*: Ísland)

Tækifæri gefst m.a. til að ræða um eldri mynd tengingarinnar „og“ (ok); minnst á fjallið Ok (og jafnvel kvæði Jóns Helgasonar, *Á Rauðsgili*; þar stendur m.a.: „Handan við Okið er hafið grátt“; ok getur merkt *hæð*, *bunga*). Og *okið* er þung byrði (sbr. beygja sig undir ok); ok er einnig klafi sem aktaugar á dráttardýrum eru festar við (sbr. málsháttinn *Enginn uxi er með okinu borinn*).

Og aftur að rituninni: Reynum að fá unglíngana til að skrifa dagbók, hlest með gamla laginu (falleg ólínustrikuð bók og góður penni).

1.2 Upprifjunarspurningar I

Það getur verið hvetjandi að rifja upp málfræðileg atriði með fjölvalsspurningum, m.a. vegna þess að þar geta nemendur séð ýmis hugtök og reynt að einangra þau, t.d. með útilokunaraðferð.

Hér mætti byrja tímann á að ræða stuttlega um mikilvægi greinarmerkja, sbr. málsgreinina: Skólastjórinn sagði umsjónarmaðurinn er asni.

a) Skólastjórinn sagði: „Umsjónarmaðurinn er asni.“

b) „Skólastjórinn,“ sagði umsjónarmaðurinn, „er asni.“

Munum að oft þarf að „leiðrétta“ tölvuna á eftir punkti: í dagsetningunni 3. júlí setur tölvan sjálfkrafa stóran staf í júlí en það er auðvitað ekki í samræmi við reglur um stóran og lítinn staf.

Gaman er að taka syrpu á orðum eins og *gangur*, *göng*, *ganga*, *göngur* í sambandi við spurningu 10 og 11. Það er ekki víst að kaupstaðabörn þekki orð og orðasambönd eins og *gangnamenn*, *fara í göngur* o.s.frv. Eignarfall fleirtölu er breytilegt (með eða án *n*) eftir því hvort um er að ræða göng (hk.ft.) eða göngur (kvk.ft.). Við tölum um gerð Vaðlaheiðarganga, en við segjum *gangna*-menn.

Niðurstaða: Beintengjum málfræðihugtök við lífið í kringum okkur, sbr. það að á hverjum degi þurfum við að huga að greinarmerkjum. Og: Gerð Vaðlaheiðarganga og annarra ganga er stöðugt til umræðu í samfélaginu.

Lokaspurning (tengist spurningu 11 í 1.2): hvernig eru orðin *gangur* og *göng* í ef.et.? Svar: *ganga*.

1.3 Lesskilningur I – Eplið og eikin

Lesskilningsverkefni eru stærsti hluti samræmda prófsins enda ómetanleg „hlunnindi“ að geta rýnt í texta og skilið þá til hlítar. Þeir sem hafa lagt sig fram á þessu sviði standa vel að vígi. Því þurfum við að fá nemendur til að lesa sem mest og ræða síðan innihald textanna. Skólavefurinn er nú að gagna frá fjölmörgum stuttum textum handa öllum stigum grunnskólans með fjölvalsspurningum (*Lestrarkassinn*). En lengri texta þurfum við einnig að lesa eða hlusta á, og Skólavefurinn býður upp á marga slíka.

Textaspurningum fylgja gjarnan málfræðispurningar. Það er að mörgu leyti góð aðferð því að þá sjást málfræðilegu atriðin í eðlilegu samhengi.

Í spurningu 7 er spurt um orðið *ættleiddur*. Augljóslega er hér um að ræða lh.þt. af sögn og þetta greinist því sem sagnorð. En minna má á að oft er stutt á milli so. og lo. í svona tilvikum því að lýsingarhátturinn er hér gjarnan í hlutverki lýsingarorðs, sbr. t.d. orðin *ættleiddur* drengur (hér gegnir *ættleiddur* sama hlutverki og *munaðarlaus* í *munaðarlaus* drengur). Það er því engin goðgá að greina þetta orð sem lýsingarorð.

1.4 Nokkur atriði í ljóðgreiningu

Við leggjum mikið upp úr því að nemendur fái tilfinningu fyrir ljóðstafasetningu. Kannski mætti byrja tímenn á vísngátu Sigurkarls Stefánssonar. Þar er vissulega farið rétt með ljóðstafi.

Segir hann er sigur vann,
sunnudaga milli,
bliknar án þess ástmeyjan,
á þeim tíma er miðaftann.

Leyniorðið er falið í hverri ljóðlínu.

Svar við vísngátu: *sex*.

Stuðlar birtast okkur jafnvel í daglegu tali; þeir eru í fjölmörgum málsháttum og orðatiltækjum; og þeir eru órjúfandi hluti kveðskaparhefðarinnar. Og ef menn ætla að yrkja t.d. ferskeytta vísu eru ljóðstafirnir ómissandi hluti hennar. Stuðlarnir þurfa líka að vera á réttum stöðum! Því ekki að gefa sér nokkrar mínútur til að þekkja þessa staði?

Í sambandi við síðustu ljóðlínuna í *Yfir kaldan eyðisand* er rétt að minna á að það leyfist að hafa þrjár léttar áherslur í braglið (tvílið) í stað einnar þungrar og einnar léttrar áherslu. Þess vegna er í lagi að segja *nú á ég* (með þremur léttum áherslum) í stað *nú á ég*. (Ef sagt er *nú á ég*, fer ljóðstafsetningin úr skorðum.)

Svo þarf alltaf annað slagið að minna á sérstöðu st-, sp- og sk- í stuðlasetningunni (*gnýstuðlun*):

Ég á lítinn **skrítinn skugga**,
skömmin er svo líkur mér.

Reynslan sýnir að nemendum finnst gaman að fást við myndmál. Gott er að láta nemendur sjálfa finna dæmin.

Dæmi um beina mynd:

Þar rís Drangey úr djúpi
dunar af fuglasöng
bjargið, og báðum megin
beljandi hvalaþröng.
(Jónas Hallgrímsson)

Dæmi um viðlíkingu (samanburðarorð : *sem/eins og*):

Mig langar til þín
eins og lækinn til stranda,
eins og svöluna á haustin
til suðrænna landa.

Hann er *eins og* ansi.

Hann er rauður *sem* blóð

Dæmi um persónugervingu:

Sólin vekur allt með kossi.

Dæmi um myndhverfingu:

Jón er köttur liðugur.

Gummi er asni.

1.5 Ljóðgreining I – Grafskrift eftir Þorstein Gíslason

Best er að lesa kvæðið upphátt með hópnum áður en farið er að ræða það. Umræðan ætti að auðvelda nemendum að svara spurningunum.

Spyrja mætti um stílbrögð:

1. Hvaða stílbragði er beitt í seinni hluta 3. vísu? (Svar: *Andstæðum: klifra – hrapa*. En einnig eru hér *hliðstæður: detta – hrapa*.)
2. Hvað kallast það stílbragð þar sem sagt er í 5. erindi að hann (þ.e. maðurinn sem lýst er í ljóðinu) hafi verið fugl sem ekki gat flogið og fiskur sem ekki gat synt? (Svar: *Myndhverfing*; hér er ekkert samanburðarorð. Það sem lýst er rennur inn í myndina: maðurinn = fiskur.)

Þá er sjálfsagt að láta nemendur benda á ljóðstafi, t.d. í fyrstu erindunum: h – h – h og ý – e – a í 1. erindi; g – g – g og r – r – r í 2. erindi.

Kvæðið er ekki endilega um einhvern tiltekinn mann, enda engin nöfn nefnd. Fremur ber að líta á þetta almennt og segja sem svo að kvæðið sé um þá sem aldrei ná sér á strik í lífinu, vilja vel en þvælast alltaf fyrir, ráða ekki við neitt sem þeir byrja á. Þeir álpast gegnum lífið, sér og öðrum til óþæginda.

Eftir dauðann er maðurinn grafinn „suður og norður“. Hann er því ekki meðhöndlaður eins og vera ber, ekki sýnd nein virðing þó dauður sé (menn liggja austur og vestur, sbr. kvæðið *Jón hrak* eftir Stephan G. Stephansson). Það er eins og þetta virðingarleysi komi fólki í koll því það hrasar um leiðið. Þetta verður að skilja táknrænt: Það er eins og samviskan angri fólkið; kannski að það hafi ekki sinnt honum sem skyldi, rétt honum hjálparhönd í lífi eða dauða.

Lokaerindið er sérstakt af því að við erum þar látin vita að manninn dreymir í gröf sinni. Auðnuleysið fylgir honum út yfir gröf og dauða. Þetta er táknræn vísbinding um að menn eins og hann muni áfram að fæðast, lifa og deyja. Benda má á að orðin um hálsbrotna valinn og drukknaða hákarlinn eru dæmi um *öfugmæli* (valurinn á ekki að geta hálsbrotið sig á hamravegg, og hákarlinn á ekki að geta drukknað).

Í öðru erindi er látið að því liggja að umhverfi mannsins hafi haft þessi áhrif: hann er látinn hafa svikin gleraugu. Hann er með öðrum orðum svikinn um gott atlæti, góða leiðsögn í bernsku.

Í 7. erindinu er greinilegt að þess maður (manngerð) á eftir að gleymast: hann hverfur inn í myrkur gleymskunnar.

Draga mætti saman og segja að kvæði Þorsteins Gíslasonar sé um menn sem vilja í rauninni öllum vel en hafa ekki réttar hugmyndir um eigin getu, m.a. vegna þess að þeir hafa ekki notið góðs atlætis í æsku.

Í lokavísunni er forsetningin *und* sem merkir sama og *undir*. Orðið *þá* í merkingunni *þegar* stendur í fyrstu braglínunni í sömu vísu: Og nú, þá (þ.e. þegar) hann er liðinn í dauðans dá (þ.e. dáinn).

Hér fyldir dæmi um öfugmælavísu sem talin er vera eftir Bjarna Borgfirðingaskáld.

Fiskurinn hefur fögur hljóð,
finnst hann oft á heiðum.
Ærnar renna eina slóð
eftir sjónum breiðum.

Og ein í viðbót:

Séð hef ég köttinn syngja á bók,
selinn spinna hör í rokk,

skötuna elta skinn í brók,
skúminn þrjóna smábandssokk.

1.6 Upprifjunarspurningar II

Þessum spurningum er ætlað að skerpa tilfinningu fyrir ljóðstöfum. Sennilega væri gott ef kennari mundi í byrjun tíma rifja upp nokkur frumatriði, ekki síst þau sem snúa að: a) staðsetningu ljóðstafa, b) sérhljóðum sem ljóðstöfum og svo c) gnýstuðluninni (sk-, sp-, st-).

Til gamans:

Maður sem kemur frá Húsavík er Húsvíkingur.... ekki rétt ?

Og maður sem kemur frá Reykjavík er Reykvíkingur....

Er þá maður sem kemur frá Hellu Hellingur ?

Athyglisverð eru sum orðatiltækin, sem má líka snúa til jákvæðari merkingar, t.d. þetta:

Forvitnin ærði konuna. Hvers vegna ekki að segja: *Forvitnin nærði konuna?* (Framburðurinn hefur ekkert breyst – eða hvað?)

1.7 Ýmislegt I

Í þessum kafla eru miðlungserfiðar beygingar.

Sagnirnar *vefa* og *vefja* eru lúmskar. Í þremur bókum hef ég séð setningu svipaða þessari: *Hann óf klæðinu utan um sig*; en þetta átti að vera: *Hann vafði klæðinu utan um sig*.

þrár – þrárri – þrástur (kannski ekki mikið „kerfi“ í þessu! En málfenndin segir okkur að þetta geti ekki verið öðruvísi).

Kennarinn þyrfti sem oftast að varpa fram spurningum um fallmyndir til að festa hugtökin í sessi.

Hvernig er *langur fingur* í þf.ft.m.gr.? (*löngu fingurna*, sbr. *hina* (mína) löngu fingur).

Hvernig er *dimm nótt* í þf.ft.m.gr. (*dimmu næturnar*, sbr. *hinar* (mínar) löngu nætur)

1.8 Krossgáta

Krossgátan er helguð málfræðihugtökum. Nemandi spyr: Hvers vegna þurfum við að kunna þessi málfræðihugtök? Svárið gæti verið á þessa leið: Til þess að við getum rætt um tungumálið, skyggst inn í leyndardóma þess, skemmt sjálfum okkur.

Dæmi I: Hvers vegna segjum við: *Doddi tók skóna* en ekki: *Doddi tók skónna?*

Svar: Af því að *skóna* er hér í þf.ft.m.gr. (*hina* góðu skó) en ekki í ef.ft.m.gr. (*hinna* góðu skóa). Greinirinn er semsagt með einu n-i í þf.ft.kk. Bætum því við að þetta er þolfall vegna þess að sögnin *taka* stýrir þolfalli (*taka* er semsagt áhrifssögn).

Dæmi II: Hvers vegna segjum við: *Gylfi skaut í slána* en ekki: *Gylfi skaut í slánna?*

Svar: Af því að hér er um þf.et.m.gr. að ræða (hina hvítu slá) en ekki ef.ft.m.gr. (hinna hvítu sláa). Greinirinn er semsagt með einu n-i í þf.et.kvk. Bætum því við að forsetningin í stýrir hér þf.

Við getum því gripið tækifærið og minnt á að margar sagnir eru *fallvaldar* (*fallstjórnendur*), rétt eins og forsetningar!

1.9 Lesskilningur II Úr Króka-Refs sögu

Skólavefurinn hefur útbúið skólaútgáfu á Króka-Refs sögu (rafbók, vefbók). Þetta textadæmi virkar nokkuð þungt. Hiklaust mundum við einfalda svona texta ef hann ætti að vera í samræmdu prófi.

En ef *hlustað er* á textann áður en hann er lesinn verður auðvelt að lesa á eftir. Það þarf að gefa svona textum tíma, lesa jafnvel upphátt aftur og aftur.

Óhætt er að mæla með þessari sögu til lestrar fyrir unglunga. Hún er spennandi og ævintýrleg. Hún gerist að hluta á Grænlandi og í Noregi og lýsir íslenskum snillingi og klókindum hans, m.a. í samskiptum við Noregskonung.

1.10 Ljóðgreining II – Refur eftir Örn Arnarson (1884–1942)

Kvæðið skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er greint frá erfiðri lífbaráttu rebba og sagt að hann sé réttdræpur skv. lögum (það er húmor í því að tala um „hunda- og mannalög“; einnig þar sem talað er um að guð megi vara sig). Í seinni hlutanum er komið annað hljóð í strokkinn; e.t.v. mætti tala um „útleggingu“ textans í fyrri hluta. Fyrst er talað um hvað mannúð okkar mannanna sé mikil og látið að því liggja að við viljum ekki deyða neinar skepnur nema refinn. Ástæðurnar eru þær að a) refurinn er keppinautur manna um fæðuna og b) refurinn er óætur. Þannig er komið í ljós – og það er undirstrikað í síðustu erindunum – að maðurinn hugsar fyrst og fremst um dýrin sem fæðu handa sjálfum sér. Þannig er nú mannúðin. Þetta með mannúðina er semsagt naprasta háð: maðurinn er grimmur, drepur allt í kringum sig.

Þegar háði er beitt er eimitt algengt að menn tali þvert um hug sér. En tónninn er samt þannig að allir eiga að geta skilið skeytið. Þetta er kaldhæðið ljóð um grimmd mannsins.

Það er líka deilt á hræsni mannsins sem þykist vera svo góður.

Bragarhátturinn breytist eftir fyrri hlutann. Þar er um að ræða ferskeyttan hátt (sbr. *Yfir kaldan eyðisand*). Í seinni hlutanum er takturinn annar og ekkert rím í 1. og 3. braglínu. Skáld gera þetta oft: að breyta bragarhættinum þegar umræðuefnið breytist.

Stílbragðinu *andstæðum* er beitt í 2. erindi (vinur – andstæðingar). Undirliggjandi eru svo andstæðurnar *gæska – grimmd*.

Hliðstæður eru í 3. erindi þar sem talað er um *boð* (skipun) og *bann*; einnig í 6. erindi þar sem talað er um *lög* og *rétt*. En einnig koma nokkuð skýrt fram annars konar hliðstæður, þ.e. hliðstæður milli refsins og mannsins varðandi grimmdina.

Taka mætti málfræðisyrru og segja: Setjið orðin; „vininn á hann ekki neinn/ en andstæðinga marga“ í eðlilega orðaröð. Svar: Hann á ekki neinn vin en marga andstæðinga. Áfram mætt spyrja. Hvað stjórnar fallinu á „ekki neinn“ og „marga andstæðinga“. Svar: Sögnin *eiga*.

Til að skerpa á bragfræðilegum atriðum og fleiri ljóðatengdum þáttum gæti kennari tekið kvæðið *Nýir bragir* eftir Herdísi Andrésdóttur, sjá *Tungufoss 3* (bls. 29) og Kennarahandbók með henni. Einnig skal mælt með kvæðinu *Litið til baka* eftir Ólínu Andrésdóttur í *Tungufossi 3* (sjá líka Kennarahandbók). Kvæðið *Norður* eftir Gerði Kristnýju (sjá *Tungufoss 1*, bls. 32, og kennarahandbók) væri gott að taka fyrir sem upprifjun í sambandi við myndmál o.fl.

1.11 Ýmislegt II

Hér mætti tala um stutta fróðleikspætti með málfræðilegu ívafi. Spurning hvort beina mætti tilteknum hópum í upplýsingaleit svo að þeir geti frætt bekkinn nánar um þær persónur sem þarna koma við sögu.

Í seinni æfingunni mætti flokka smáorðin nánar ef nemendur fara fram á slíkt. Forsetningar eru mest áberandi: þær stýra falli, eru fallvaldar (fallstjórnendur). Í fyrstu eyðunni er samtenging (sem = eins og) en í þeirri þriðju nafnháttarmerki. Í fjórðu eyðu er tenging, einnig á eftir orðinu Tinni. Atviksorð er í þriðju síðustu eyðu (á eftir *og*). Í síðustu eyðu er tenging.

1.12 Bein ræða/ óbein ræða – Bein spurning/ óbein spurning

Hér skal fullyrt að nái nemandi tökum á því sem rætt er í þessum kafla, þá hefur hann stigið risaskref. Það er ótrúlegt hvað þessi atriði hafa vafist fyrir nemendum; hugsanlega vegna þess að þau hafa ekki verið tekin nógu skipulega fyrir.

Hér skal hvatt til þess að nemendur fái að vita með vissu hvenær þeir eigi að nota spurningarmerki og hvenær ekki (þetta veltur á því hvort um beina eða óbeina spurningu er að ræða!).

Og svo eru það gæsalappirnar. Reglan er sú að bein ræða sé innan gæsalappa. En sumir rithöfundar sleppa gæsalöppum og nota þá stundum strik á undan beinu ræðunni til glöggvunar.

Tökum hið sívinsæla dæmi um umsjónarmanninn og skólastjórann til að sýna fram á mikilvægi gæsalappa:

Umsjónarmaðurinn sagði skólastjórinn er asni. Sýnið að þessi málsgrein geti haft tvær gjörólíkar merkingar, allt eftir því hvernig greinarmekjum er háttað.

Umsjónarmaðurinn sagði: „Skólastjórinn er asni.“
„Umsjónarmaðurinn,“ sagði skólastjórinn, „er ansi.“

Hér mætti fræða nemendur um *innskotssetningar* því að í seinni málsgreininni er setningin sem geymir beinu ræðuna fleyguð af annarri setningu (innskotssetningu).

Brýnum fyrir nemendum að vera nákvæm við notkun gæsalappa. Það er ekki sama hvorum megin við punkt eða kommu þær lenda. Í þessu sambandi má minna á spurningu 10 í næsta kafla (1.13).

1.13 Upprifjunarspurningar III

Benda má sérstaklega á skammstafanir. Það er t.d. orðin föst venja að láta ekki vera bil á milli stafa í tilvikum eins og t.d. og o.s.frv.

Svo má benda á dálítið klúður í sambandi við skammstöfunina þ. á m. Ekki má setja punkt á eftir **á** því að hér er um *heilt orð* að ræða en ekki skammstöfun. Því er best að skrifa bara fullum stöfum: **þar á meðal**.

Reyna má, í sambandi við spurningu 6, að mynda málsgrein: Hann bar ás upp á ás, dró ás upp úr spilakassanum og hét á norrænan ás áður en hann hófst handa.

Í sambandi við spurningu 10: Ávarpsliðir eru afmarkaðir með kommu(m). Þetta er eitt þeirra atriða sem vilja gleymast.

Svo er það spurningin um það, hvorum megin komman á að vera við gæsalappirnar. Á þessu sviði ríkir mikil óvissa meðal nemenda. Hér er tækifærið komið til að taka á þessu, sbr. þetta: „Góði besti, reyndu nú að standa þig í prófinu,“ sagði mamma.

1.14 Ljóðgreining III – Hestar tímans eftir Þóru Jónsdóttur frá Laxamýri

Gott er að búa nemendur undir samræmd próf með fjölvalsspurningum eins og þessum. En fyrst þyrfti að lesa kvæðið upphátt með nemendum og skýra torskilin orð.

Eftir að nemendur hafa spreytt sig á verkefninu mætti ræða það örlítið nánar. Hér er ort um hið sígilda atriði: tímann sem líður og dauðann sem bíður. Jafnframt um óskina (sem aldrei rætist) að fá að hverfa um sinn til baka og upplifa „gömlu góðu dagana“ á ný.

Í kvæði Hallgríms Péturssonar, *Um dauðans óvissan tíma* („Allt eins og blómstrið eina“) er dauðanum líkt við sláttumann sem fellir allar jurtir og blóm:

Dauðinn má svo með sanni
samlíkjast, þykir mér,
slyngum þeim sláttumanni,
er slær allt, hvað fyrir er:
grösin og jurtir grænar,

glóandi blómstrið frítt,
reyr, stór sem rósir vænar
reiknar hann jafnfánýtt.

Oft er talað um „manninn með ljáinn“ – og dauðinn þannig persónugerður sem sláttumaður. Þóra Jónsdóttir kemur hér með sláttuvél inn í þessa umræðu og það er frumlegt.

1.15 Upprifjunarspurningar IV

Svona verkefni færi kennarinn yfir strax eftir að nemendur hafa glímt við það. Það er ymprað þarna á mögrum mikilvægum atriðum og sjálfsagt að staldra aðeins við hvert þeirra.

Orð eins og *angan* og *sjáaldur* (spurning 3) eru lúmsk: *anganin* (kvk) og *sjáaldrið* (hk).

Spurningar númer 9 og 10 eru einnig lúmskar, en skemmtilegar: um *Írann* og *Íranann*. Tilvalið er að nota þessi orð til að ræða um ákveðna greininn (Íra-na (m.gr.); Írana (ár.gr.).

1.16 Lesskilningur III Kennaraverkfall eftir Matthías Johannessen

Hér þyrfti að ræða ólíka afstöðu afans og drengsins. Kvíði þeirra áður en verkfall hefst er af ólíkum toga. Afinn hefur áhyggjur vegna þess að hann óttast að það verði verkfall.

Drengurinn hefur áhyggjur vegna þess að hann heldur að það verði *ekki* verkfall.

Einnig er skemmtilegt að velta fyrir sér föðurbróður drengsins og bernsku-áhyggjum hans sem tengdust óhugnanlegri kvikmynd. En drengnum í sögunni finnst myndin meinlaus. Allt breytist.

Hér er talað um *imbakassann* (1998). Nú er sviðið breytt og önnur tæki fanga hugann. Allt breytist!

Vel má ræða það sem virðist vera kjarni sögunnar: leiði (eða jafnvel kvöl) unga fólksins í skólanum og jafnframt flótti inn í e.k. gerviheim.

Hvers vegna leiðist sumum í skóla eða líður illa þar? Vita þeir hvað það kostar að mennta fólk? (Meira en milljón krónur á hvern nemanda á ári!) Vita þeir hvað margir leggja mikið á sig til að skólastarfið gangi sem best? Hvað getum við gert til að sem flestir verði sem ánægðastir í skólanum? Meiri samkennd?

Verðugt verkefni væri að láta setja tvípunkt og gæsalappir þar sem við á. (Matthías fer ekki að reglum í þessu efni.) Hér á eftir fer seinni hluti sögunnar með gæsalöppum og nokkrum „leiðréttingum“ á greinarmerkjasetningu Matthíasar. Breytingarnar eru með rauðu eins og vera ber! (Við veitum athygli hinni löngu upphafsmálgrein.)

Nú eru liðnar margar vikur
frá því kennaraverkfallið hófst
og áhyggjur afans

hafa farið sívaxandi vegna samfélagsins
og svo hefur hann líka
haft einhverjar áhyggjur
útaf trabantlaunum kennaranna
sem hann telur eina mikilvægustu stétt
landsins en drengurinn hefur blómstrað
og daglega spyr hann vonglaður: „Er nokkuð
verið að semja?“ „Enei, það er víst ekki,“ segir
afinn. „Er það alveg víst?“ Ítrekar drengurinn.
„Alveg víst,“ segir afinn með vaxandi
áhyggjur, en drengurinn fer fagnandi
til leikja sinna.

En eina nóttina kom hann grátandi til pabba
síns og mömmu og vakti þau. „Hvað er
að?“ spurðu þau og leyfðu honum að koma
uppí til sín. „Ertu eitthvað lasinn, vinur minn?“
sagði mamman. „Ne--ei,“ sagði drengurinn og
þurrkaði tárin úr augunum. „Nú, en hvað þá?“
spurði pabbinn og strauk
hárið á drengnum sínum. „Mi--mig dreymdi,“
sagði drengurinn kjökrandi. „Hvað dreymdi
þig?“ „Ég fékk martröð, mig dreymdi
að kennaraverkfallinu væri lokið, en er það
nokkuð?“ „Nei, nei.“ Þau sögðu
hann gæti sofið rólegur fyrir því.
Og þá datt hann útaf brosandí.

Spyrja mætti nemendur hvort þeir líti á texta Matthíasar sem *sögu* eða *ljóð*. Uppsetningin gæti minnt á ljóð. En bókin þar sem textinn birtist (*Flugnasuð í farangrinum*) ber undirtitilinn *Sögur*. Bókin kom út hjá Vöku–Helgafelli árið 1998.

Til að lífga upp á tilveruna koma hér tvær gátuvísur eftir Sigurkarl Stefánsson. *Leyndarorðið* er í hverri línu.

Góðu börnin gera það,
gæðajörðum fylgdi það,
forskeyti í aðra átt,
ílát sem er kennt við nátt.

Á sem liðast hægt og hljótt,
höldum leið á glugga, (höldar: menn)
vön að liggja í lægðum rótt,
líka kölluð mugga.

(Svar við fyrri gátu: *gagn*. Svar við seinni gátu: *móða*)

Af hverju ætli vindsængur heiti ekki loftsængur?

Hvers vegna er maður látinn borga fyrir frí-merki?

Gátuvísur eftir Sigurkarl Stefánsson

Fláraður við fley á sjá,
fórnardýr í veiðiá,
bugaður á botni lá,
börnum leiður kvilli sá.

Kjörið til að hemja hey,
hundur frekar kýs en svei,
íprótt háð á Heimaey,
hendir okkar krónugrey.

(Svar við fyrri gátu: *ormur*. Svar við seinni gátu: *sig*)

1.17 Örfá atriði um setningar og setningafræði

Þessi kafli geymir lykilhugtök úr setningafræði. Gott væri að innprenta þau nemendum við upphaf 10. bekkjar. Þá verður líka auðvelt að taka upp þráðinn síðar (sjá lokakafla bókarinnar).

Best er að hafa skýringar stuttar og gagnorðar:

Frumlag stendur fremst í setningu í eðlilegri orðaröð (**Mamma** tók bókina). Það er í nefnifalli nema þegar að stendur með ópersónulegri sögn (**Mig** langar í bókina).

Umsögn er sögnin í setningunni (Mamma **tók** bókina). Ef hjálparsögn fylgir sögninni teljast bæði hjálparsögnin og aðalsögnin vera ein umsögn. Ég **hef komið** hingað áður.

Andlag stendur í aukafalli, næst á eftir áhrifssögn (Mamma tók **bókina**).

Sagnfylling er fallorð í nefnifalli og stendur á eftir áhrifslausri sögn eins og *vera*, *heita* (Mamma er **kennari**).

Einkunn stendur með nafnorði og beygist eins og það. Einkunnin kveður nánar á um nafnorðið (Þetta er **góður** maður/ Ég sá **góða** konu).

2. Orðflokkar I

2.1 Orðflokkarnir

Hér er hnykkt á yfirflokkum orðanna. Sjálfsgagt er að líta á orðflokkana á þennan hátt, þ.e. úr dálítilli fjarlægð og skynja þannig heildareinkenni fremur en smáatriðin: Fallorð fallbeygjast, sagnorð tíðbeygjast, smáorð óbeygjanleg (nema nokkur atviksorð sem geta stigbreyst).

2.2 Erfðaorð, tökuorð, nýyrði, slanguryrði, slettur, íðorð

Þetta gæti orðið mjög skemmtilegt umræðuefni í tíma. Flokkun orða eftir uppruna dýpkar skilning okkar á þróun tungumálsins.

Það sem unglíngunum mun þykja mest spennandi er slangrið og sletturarnar því að á þeim vettvangi gegna þeir sjálfir mikilvægu hlutverki. Hér þyrfti að fá þá til að a) greina muninn á þessu tvennu og b) koma með dæmi um bæði slettur og slangur sem eru í tísku um þessar mundir. Höfum í huga að oft geta verið óljós mörk á milli slanguryrðis og slettu af því að slangur tengist mjög oft ensku.

Gaman væri að fá nemendur til að gera greinarmun á *tökuorði* og *nýyrði*, þessum tvenns konar leiðum sem farnar eru til að gefa nýjum hlutum heiti. Kosturinn við nýyrði er sá að þau geta verið gegnsæ, þ.e. orðið lýsir því sem það vísar til. Orðið *útvarp* gefur í skyn eitthvað sem varpað er út. En radió segir okkur sennilega ekki mikið um eðli fyrirbærisins sem lýst er.

Oft sigrar það orð sem er þjálá. Þannig er *traktor* þjálá en *dráttarvél*. Oft lifa bæði orð góðu lífi hlið við hlið, sbr. *seifa* og *vista* (en er ekki *vista* fallegra? Sögnin *vista* tengist orðinu *vistir*: forði).

2.3 Upprifjunarspurningar V

Fyrstu spurningarnar tengjast kaflanum á undan og þær hjálpa þá nemendunum að glöggva sig á hugtökunum.

Spurningarnar sem á eftir koma krefjast íhugunar og nákvæmni. Þarna eru t.d. mikilvæg stafsetningaratriði sem tengjast stórum staf og litlum. Mikilvægt er að lesa vel fyrirmælin því að í sumum tilvikum er um fleiri en eitt rétt svar að ræða.

2.4 Nafnorð

Þessi kafli er ekki erfiður. Tvennt mætti benda á í byrjun: annars vegar að sérnöfn taka yfirleitt ekki greini. Hins vegar að í seinni hluta orða eins og *Kennedy-flugvöllur*, *Egils saga*, *Nýja testamentið* og *Rauði krossinn* er lítill stafur af því að þar er ekki um sérnöfn, heldur samnöfn að ræða. Aftur á móti er stór stafur í seinni hluta oraðanna *Skalla-Grímur*, *Nýja-Ísland*, *Efri-Brunná* og *Kaupfélag Skagafjarðar* (hér er alls staðar um sérnöfn að ræða).

Vel mætti minna hér á það hvernig sum nafnorð eru dregin af *lýsingarhætti nútíðar*. Í slíkum tilvikum er hægt að bæta greini við orðið og þá þarf ekki lengur vitnanna við: *nemandi-nn*, *leigjandi-nn*. Svo má benda á að hestanöfnin Rauður og Blakkur eru augljóslega dregin af lýsingarorðum en eru hér nafnorð, sérnöfn, og skrifuð með stórum staf.

Æfingin neðst á bls. 52 er handavinnuæfing en hún styrkir okkur í nákvæmum vinnubrögðum og beitingu hugtaka.

2.5 Nokkrar stafsetningarreglur um n

Hér eru samandregin nokkur afar mikilvæg atriði viðvirkjandi n-reglunum. Mælt er með að sett verði á töfluna þessar setningar:

Hann stökk yfir _____ (sláin) milli _____ (á í ft.m.gr.) (Svar: slána, ána)

Hann reið yfir _____ (áin) og bleytti _____ (skórnir) (Svar: ána, skóna)

Kristi_____ minnir að Þórari_____ komi á morgun (Svar: Kristin, Þórarinn)

Jötu_____i_____ stendur við ari_____i_____ með járnstaf í hendi (Svar: Jötunninn, arininn)

Ég sá Steinu_____i stökkva yfir á_____a (Svar: Steinunni, ána)

Hún á stóra_____ en skríti_____ hund (stóran, skritinn)

2.6 Upprifjunarspurningar VI

Enn er það stafsetningin. Kosturinn við að „kenna“ stafsetningu með fjölvalsspurningum er sá að nemandanum gefst kostur á beita útilokunaraðferð. En það er ekki einhlítt því að sums staðar eru allir uppgefnir möguleikar réttir.

2.7 Lýsingarorð

Á bls. 57 er sýnt með einföldum dæmum hvernig greina má milli atviksorða og lýsingarorða. Taka mætti dæmi áður en kennslan hefst:

Barnið er *gleraugnalaust* í dag og getur því ekki lesið textann.

Gamla konan les *gleraugnalaust*.

Síðan spyr kennari: Hvaða orðflokkum tilheyra skáletruðu orðin? Rökstyðjið svarið.

Svar:

Í fyrri málsgreininni er orðið lýsingarorð af því að það breytist eftir kyni og tölu nafnorðsins (hann er gleraugnalaus, þeir eru gleraugnalausir). Orðið lýsir nafnorðinu nánar.

Í seinni setningunni er orðið atviksorð. Það er nánari útlistun á því *hvernig gamla konan les* en hefur ekkert með nafnorðið að gera enda breytist atviksorðið ekkert eftir kyni og tölu nafnorðsins.

Á bls. 58 reynir á hugmyndaflug nemandans og innsæi. Lýsingarorðið verður að falla vel að textanum. Þess vegna þarf nemandinn að gera sér fulla grein fyrir merkingu textans.

2.8. Fornöfn

Minna má á orðin ÁSA PÓET til að festa í minni undirflokka fornafna. Þó ekki sé alltaf beðið um undirflokka þá hjápar það okkur vissulega að greina fornöfnin frá öðrum orðflokkum ef við þekkjum þá.

Hér skal sú tilgáta sett fram að nemendum reynist einna erfiðast að greina *óákveðin fornöfn*. Þá hjálpar vísan góða:

Annar, fáeinir, enginn, neinn,
ýmis, báðir, sérhver,
hvorugur, sumur, hver og einn,
hvor (og) nokkur einhver.

En við bætast svo orð eins og: annar hver, annar hvor, allur, báðir, sjálfur, slíkur, samur, þvílíkur.

Í sambandi við vísuna: Aukaspurning: Bendið á ljóðstafi í fyrri tveimur braglínunum. (Svar: a – e – ý.)

2.9 Greinir

Hér er sjálfsagt að benda á að lýsingarorðið sem stendur með no.m.gr. hefur *veika* beygingu (góði maðurinn). En ef nafnorðið er óákveðið hefur lýsingarorðið *sterka* beygingu (góður maður). Það er því pottþétt kerfi í lýsingarorðunum hvað snertir veika og sterka beygingu. Hjá nafnorðum er ekkert slíkt kerfi: nafnorðið er einfaldlega annaðhvort sterkt eða veikt í beygingu.

Vel má varpa fram spurningunni: Er til *óákveðinn* greinir? (Svarið yrði: Ekki í íslensku en í ýmsum skyldum málum eins og dönsku (*en god mand*), ensku (*a good man*) og þýsku (*ein guter Mann*).

2.10 Töluorð: Upprifjun og æfingar

Banda má að tvímyndirnar þrem/þremur, tveim/tveimur. Seinni beygingarmyndin er talin ævagömul en báðar vissulega jafngildar.

Þá má hamra á þessu sem sagt er um *milljón*: ef hægt er að bæta greini við orðið hlýtur það að vera nafnorð, annars er það töluorð.

Gamli orðaleikurinn er sígildur: Hvernig er fleirtalan af *Þúsundkall*? (Svar: *Þið sundkallar*.)

2.11 Sagnorð: Upprifjun og æfingar

Æfingin á bls. 51 minnir okkur á margbreytileika þessa orðflokks. Til greina kæmi að segja nemendum einfaldlega að byrja á kennimyndunum, koma svo með dæmi úr frh., vth., bh., mm, lh.nt. og lh.þt.

Æfingin á bls. 64 minnir okkur á að vel má hafa frásögn af liðnum atburðum í nútíð: *sögulegri nútíð*. Það er einmitt afar algengt stílbragð í þjóðsögum. Sögumenn breyta oft úr þátíð í nútíð þegar dregur til tíðinda: við nálgumst atburðina.

2.12 Smáorð: atviksorð

Nú er farið örlítið nánar í atviksorðin og þau flokkuð eftir eiginleikum sínum. Þó ekki sé bráðnauðsynlegt að þekkja nöfnin á undirflokkunum getur sú þekking auðveldað okkur að greina atviksorð frá öðrum orðflokkum. Í því sambandi skal sérstaklega minnst á háttaratviksorð og spurnaratviksorð.

Góð dæmi um háttaratviksorð eru neðarlega á bls. 65:

Þetta kemur *hægt* (ao) og *rólega* (ao).

Þau svara spurningunni um það hvernig eitthvað kemur.

En allt annað er upp á teningnum þegar sagt er:

Hún fékk *hægt* (lo) andlát þar sem hún sat og hlustaði á *rólega* (lo) tónlist.

Hér er nafnorðinu lýst nánar (þ.e. andlátinu og tónlistinni) en slíkt er einmitt einkenni lýsingarorða.

Spurnaratviksorð (sjá efst á bls. 66) ættu ekki að valda vanda ef menn muna eftir þeim! Eina hættan er sú að þeim verði ruglað saman við spurnarfornöfn eða samtenginguna *hvort*. Þess vegna mætti byrja tímunn á þessu: Greinið eftirfarandi hv-orð í orðflokka:

Hver _____ á bókina. (Svar: spfn)

Hvar _____ áttu heima? (Svar: ao)

Hvert _____ ertu að fara? (Svar: ao)

Hvort _____ ykkar á þessa bók? (Svar: spfn)

Hún spurði hvort _____ ég ætti þessa bók. (Svar: samtenging)

Hvenær _____ komstu? (Svar: ao)

Æfingin efst á bls. 67 reynir á nemandann. Hér þarf hann að muna að eingöngu atviksorð eru tekin gild!

Svo mætti koma með þessa spurningu: Myndaðu setningu (eða setningar) þar sem orðið *ár* kemur fyrir sem atviksorð; einnig sem nafnorð í tveimur ólíkum merkingum. Svar: Í tvö ár (no) lék hann sér ár (ao) og síð að ár (no) sem hafði rekið að landi.

Aukaspurning: Sýndu tvenns konar kenniföll nafnorðsins *ár*.

Svar: ár -s, -

og: ár -ar, -ar

Ath.: Verum viss um að nemendur skilji táknið í orðabókinni, t.d. að seinna strikið í ár -s, - merki að orðið er eins í et. og ft.

2.13 Forsetningar

Hér mætti varpa fram spurningunni góðu: Hvað eiga forsetningar og áhrifssaganir sameiginlegt? Svar: Þær stjórna falli, eru fallvaldar (fallstjórnendur). Dæmi: Ég er í skólanum (forsetningin í stjórnar þágufallinu á *skólinn*)/ Ég hjálpa þér (áhrifssögnin *hjálpa* stjórnar þágufallinu á *þú*).

2.14 Nafnháttarmerki

Kennari setur á töfluna:

Þeir segja að _____ hann sé að _____ koma að _____ tanganum sunnan að _____.
(Svar: samtenging, nhm., fs., ao.)

2.15 Samtengingar

Samtengingar eiga eftir að koma meira við sögu síðar í þessari vinnubók. Hér er minnt á það grundvallaratriði að samtengingar (tengingar) tengja saman bæði orð og setningar.

Nafnorð tengd saman: goð og menn

Fornöfn tengd saman: þú eða ég

Lýsingarorð tengd saman: góður en latur

Atviksorð tengd saman: vel og lengi

Setningar tengdar saman: Þú ert stór en ég er lítill/ Þú fórst þegar ég kom/ Hann fer ef þú kemur

Sennilega er rétt að bíða með nánari umfjöllun (t.d. um flokkun samtenginga í aðaltengingar og aukatengingar) af því að hún krefst nokkurrar kunnáttu í greiningu aðal- og aukasetninga.

2.16 Upphrópanir

Hér gæti kennarinn bara farið í kaffi. Hann gæti þó kannski sett eitt upphrópunarmerki á töfluna og rætt um sambandið milli upphrópunar og upphrópunarmerkis. Upphrópunin krefst ekki nærri alltaf upphrópunarmerkis. Stundum kemur t.d. spurningarmerki á eftir upphrópun. Og stunum má setja upphrópunarmerki þó engin sé upphrópunin! (Sbr. þetta síðasta upphrópunarmerki). Upphrópunarmerki er nefnilega oft sett þegar eitthvað óvænt er skrifað.

2.17 Orðflokkagreining

Í efri upprifjunaræfingunni á bls. 70 reynir á nákvæmni sem fyrr. Ef nemandi ræður við þessa orðflokkagreiningu þarf hann engu að kvíða.

3. Allrahanda II

3.1 Orðabókin

Nokkuð erfitt verkefni á bls. 72, a.m.k. fyrir þá sem ekki eru innvígðir í tónlist. Gott væri ef hugtökin yrðu rædd örlítið nánar, t.d. í sambandi við tónlistarviðburði í landinu á hverjum tíma, fræga tónlistarmenn o.s.frv.

Mjög gott væri að tengja æfinguna á bls. 73 við landafræði og gera þá um leið litla athugun á landafræðipekkingu nemenda. Í sambandi við flóanöfnin þarf sennilega að leita til flóa utan Íslands í nokkrum tilvikum.

3.2 Þýðingar

Það er eflaust erfitt að þýða þennan texta þannig að bragformið haldist og hægt sé að syngja. En það má reyna – þó ekki væri nema í óbundnu máli.

Við skulum ekki þreytast á að minna á hvað þýðingar eru góður skóli – hvað við lærum mikið í eigin tungumáli þegar við förum að glíma við þýðingar. Hér að neðan eru dæmi um grín og glens í þýðingum af íslensku á ensku.

1. He's comepletely out driving = Hann er alveg úti að aka.
2. It lies in the eyes upstairs = Það liggur í augum uppi.
3. She gave me under the foot = Hún gaf mér undir fótinn.
4. He stood on the duck = Hann stóð á öndinni.
5. Front seat advice Sir = Forsætisráðherra.
6. Stomp the steel into them = Stappa stálinu í þá.
7. Hot spring river this Frenchman = Hver á þennan frakka?
8. Nobody becomes an unbeaten bishop = Enginn verður óbarinn biskup.

3.3 Upprifjunarspurningar VII

Ekki er annað um þessar spurningar að segja en það að þær reyna á málfræði- og stafsetningarkunnáttuna og eru auk þess hressilegar.

3.4 Íslenskir rithöfundar

Við mælum með æfingum af þessu tagi. Það þarf að minna unga fólkið á rithöfundana með öllu mögulegu móti og fá það til að kynna sér verk þeirra. Mælt er með að örlitlum verkefnum sé dreift á nemendur þar sem þeir afli upplýsinga um einstaka höfunda.

3.5 Erlendir rithöfundar

Hér gildir það sama og sagt var við 3.4.

3.6 Örnefni

Örnefni eru fjársjóður. Sum örnefni eiga sér jafnlanga sögu og þjóðin. Merking sumra gamalla örnefna er ráðgáta; önnur örnefni eru svo gagnsæ að þau skýra sig sjálf.

Fræðimenn hafa sett fram kenningar um örnefni. Þórhallur Vilmundarson reyndi að skýra öll örnefni út frá einkennum í náttúrunni („náttúrunafnakeningin“) og þar með hafnaði hann því að þau tengdust nafngreindum mönnum: Hauksstaðir voru samkvæmt þessu ekki kenndir við neinn *Hauk*, heldur við *haug* og hafa því upprunalega heitið *Haugsstaðir*; *Dýrafjörður* var ekki kendur við neinn *Dýra* landnámsmann, heldur við *dyr*: Það er eins og *dyr* opnast þegar komið er að firðinum af sjó og fjöllin „opnast“.

Látum nemendur rifja upp örnefni sem þeir þekkja og fáum þá til að ræða merkingu þeirra.

Hvað merkir t.d. örnefnið *Nónborg*? Svar: Þetta er e.k. klettaveggur sem sólin er yfir um *nón* (kl. 15) ef horft er frá tilteknum stað. Hliðstætt örnefni er *Dögurðarnes*: morgunverður (*dögurður*) hefur verið borðaður þegar sólin var yfir þessum stað, séð frá tilteknum bæ.

3.8 Fögur / ljót orð

Sum orð eru ekkert mjög falleg (meðvitaður, samdauna, eyðni, meindýraeyðir o.s.frv.).

Önnur orð eru raunverulega mjúk: dimmmjúkur, lognmolla, angurvær o.s.frv.

3.9 Líkingar

Líkingar lífga upp á málið og tengja það sem rætt er um við ný svið. Þær byggjast á samanburði tveggja hugtaka eða hugmynda þar sem annað varpar ljósi á hitt. Þetta veitir okkur nýja sýn; við sjáum hlutina í óvæntu ljósi. Stundum er líkingum beitt til að leggja áherslu á fegurðina; stundum sjáum við hið gagnstæða. Napurt háð getur einkennt líkingar. Oft er mikill húmor í líkingum, sbr. lýsingarorðið *trélímshvítur* um húðlit manns (Þórarinn Eldjárn).

Í verki sínu, *Um skáldskaparlistina*, taldi Aristóteles líkingar mikilvægasta einkenni skáldskapargáfu. „Því þær eru það eina sem ekki verður fengið frá öðrum, en eru merki um snilligáfu, og til að gera góðar líkingar þurfa menn að hafa auga fyrir því hvað er líkt.“

Á miðri síðunni er um *viðlíkingar* að ræða (samanburðarorð: eins og).

Síðustu tvær línurnar úr texta Steins Steinars (*Tíminn og vatnið*) eru dæmi um *refhvörf* (*oxymoron*) þar sem orðum andstæðrar merkingar er slegið saman.

3.10 Orð fyrir hvern mánuð

Hér fer ímyndunaraflið af stað en jafnframt fá nemendur tækifæri til að tengja líf sitt við tiltekna mánuði.

Gaman væri að láta nemendur skiptast á um að lesa upphátt eigin viðbrögð við tilteknum mánuðum.

3.12 Upprifjunarspurningar VIII

Í þessum upprifjunarspurningum er fengist bæði við bókmenntahugtök og landshlutatengd framburðaratriði; einnig er spurt um greinarmerki.

Hugsanlega mætti hita upp með nokkrum léttum spurningum:

1. *Hann er asni*. Hvaða stílbragð? Svar: _____ (Myndhverfing)
Hann er eins og asni. Hvaða stílbragð? _____ (Viðlíking).
Blómið opnaði sitt hvíta auga. Hvaða stílbragð? _____ (Persónugerving)
2. Bein eða óbein ræða?: *Jón spurði hvort Sigga væri heima*. Svar: _____ (Óbein ræða)
3. Vestfirðir: langur gangur (með a-hljóði); akur (með g-hljóði): Suðurland; akur (með k-hljóði): Norður- og Norðausturland; mjóllllk (raddað): austanvert Norðurland; hver (með h-hljóði): Suðurland.

3.13 Tungumál í útrýmingarhættu

Góð hugvekja um tungumál og þann fjársjóð sem hvert og eitt þeirra geymir. Spurning 7 á bls. 88 er ágætur grundvöllur umræðu. Hér mætti hamra á gildi þess að íslenskan sé sterk sem ritmál. Að vísu tala hana fáir en ritmálshefðin og eins það að málið sé ríkismál ættu að styrkja stöðu þess til muna. Óþarfi er að fara út í mikla þjóðerniskennd þótt talað sé af virðingu um móðurmálið og hefðina og stöðu íslenskunnar í samanburði við önnur tungumál.

3.14 (leiðrétting fyrir 3.15) Um hvað fjalla bækurnar?

Hér er ætlast til að nemandinn fari inn á vefinn og finni upplýsingar um bækur sem komu út árið 2013. Mikilvæg æfing, og ef hún er síendurtekin verður það leikur einn að afla upplýsinga sem þessara og færa í letur, helst með eigin orðum.

3.15 (leiðrétting fyrir 3.16) Hver eru þau?

Hér er einnig um það að ræða að afla upplýsinga á bókasafni eða á vef. Brýnt skal fyrir nemendum að skrifa með eigin orðum. Þá þyrfti að byggja textann skipulega. Mælt er með einum greinaskilum þannig að í fyrri efnisgrein séu æviatriði og fleira tengt sjálfum höfundinum, en í seinni efnisgrein verði rætt um einhver verk höfundarins.

Setningafræði I

4.1 Efnisgrein, málsgrein, setning

Það er mikilvægt að menn beiti hugtökum af nákvæmni. Gott væri að fá nemendur til að láta **efnisgrein merkja sama og paragraf**. En *málsgrein* er annað (þó sumir virðist ekki telja svo vera). Látum málsgrein merkja það sem er milli punkta.

Svo er það *setningin*: hún getur verið málsgrein en er það ekki nærri alltaf. Þarna getur skapast ruglingur og það er eðlilegt. En þegar fjallað er sérstaklega um setningafræði þá er nauðsynlegt að vera nákvæmur í orðavali.

Setjum þetta á töfluna:

Málsgrein er milli punkta.

Ein eða fleiri setningar geta verið milli punkta.

Spurningarnar neðst á bls. 93 eru ágætt hjálpartæki í þessum leik.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minnst þess að sögn í persónuhætti er sögn sem lagar sig að persónum. Hún stendur í framsöguhætti, viðtengingarhætti eða boðhætti (*Hann sagðist koma í kvöld*: Þetta er ein seting með einni sögn í persónuhætti (*sagðist*), nánar tiltekið í framsöguhætti; sögnin *koma* er ekki í persónuhætti: hún stendur í nafnhætti og er alveg óháð persónu og tölu.

a. Aðalsetningar og aukasetningar

Hér er alvara lífsins hafin. Nú þarf að leiða nemendur sér við hönd. Höfum í huga að aukasetningar geta ekki staðið sjálfstætt!

b. Aðaltengingar og aukatengingar

Kannski skýrist margt úr fyrra kafla þegar þessi er lesinn og nemandinn gerir æfinguna á bls. 95. Þegar hann fer að sjá tengsl milli tenginga og setninga fer að rofa til.

En það þarf að fara í þetta lið fyrir lið. Til dæmis gæti það ruglað nemandann að aðaltenging getur tengt saman tvær aukasetningar: Þetta er maðurinn (as), sem kom í gær (aus) og (sem) fór í dag (aus). Hér er gjarnan talað um tvær hliðstæðar aukasetningar sem tengdar eru með aðaltengingunni og.

Einnig gæti það ruglað nemandann að aukatenging tengir ekki aðeins aukasetningu við aðalsetningu, heldur getur aukatenging tengt aukasetningu við aðra aukasetningu: Ég sagði honum (as) að hann mætti koma (aus) þegar mamma væri farin (aus). Í þessu tilviki eru aukasetningarnar ekki hliðstæðar, heldur er sú seinni undirskipuð hinni. (Hún er undirskipuð móðursetningunni sem í þessu tilviki er aukasetning; en sú móðursetning er síðan undirskipuð aðalsetningunni.)

Líta má á verkefnin á bls. 96 sem hvíldarverkefni (Kennarinn fer í kaffi).

En á bls. 97 fer þetta að þyngjast. Sérstök athygli skal vakin á lið 11c. Þar er dæmi um aðaltengingu sem tengir saman tvær aukasetningar; jafnframt tengir aðaltenging tvö sérnöfn (Jón, Gunnu).

4.4 Meira um setningar

Í rauninni er ekki margt nýtt í þessum kafla. Hann er samt mikilvægur af því að þar er fengist við hugtök sem hvað eftir annað eiga eftir að koma við sögu.

Nemandinn þarf að geta séð að setningu má skilgreina á fleiri en einn veg án þess að til árekstra komi. Eftir að hafa lesið þennan kafla og gert verkefnin sést t.d. að í *setningu* þarf að vera ein sögn í persónuhætti. Það útilokar alls ekki þá fullyrðingu að í setningu sé ein umsögn. Það útilokar ekki heldur þá fullyrðingu að í setningu sé ein aðalsögn (af því að í þeim tilvikum sem aðalsögn er ekki í persónuhætti þá fylgir henni jafnan hjálparsögn í persónuhætti!).

4.5 Aukasetningar

Við sögðum áðan að aukasetning gæti ekki staðið sjálfstætt. Þess vegna má líta svo á að hún sé liður í annarri setningu. En hvað ef sú setning er aukasetning? Ja, þá hlýtur sú seting að vera liður í annarri setningu. Þannig má halda áfram þar til við erum komin að aðalsetningu (sem getur staðið sjálfstætt).

Dæmin á bls. 100 sýna vel hvernig aukasetning er hluti aðalsetningar. Ef nemendur átta sig á þessu verða verkefnin á bls. 101 auðveld.

Tökum nú aftur upp dæmið úr 4.3 hér að ofan þar sem aukatenging tengir aukasetningu við aðra aukasetningu:

[Ég sagði honum (as)] [að hann mætti koma (aus)] [þegar mamma væri farin (aus)].

Seinni aukasetningin er greinilega undirskipuð aukasetningunni næst á undan. Við segjum þá hiklaust að seinni aukasetningin sé liður í fyrri aukasetningunni. Við getum t.d. sagt:

[Ég sagði honum (as)] [að hann mætti koma *eftir brottför mömmu* (aus)].

Hér er kominn *forsetningarliður* (eftir brottför mömmu) í stað seinni aukasetningarinnar. Þessi forsetningarliður er augljóslega liður í fyrri aukasetningunni. Og sú aukasetning er liður í aðalsetningunni eins og sjá má með því að segja sem svo:

[Ég sagði honum **fréttina (as)**].

Hér er aukasetningin horfin en andlag sem hluti aðalsetningarinnar komið í staðinn. Í ljósi þessa getum við fullyrt að aukasetningin hér að ofan hafi verið andlag (nánar um andlag síðar!) aðalsetningarinnar.

4.6 Flokkar aukasetninga

Hér er farið nánar í aukasetningar og þeim skipt í undirflokk. Sú flokkun auðveldar okkur að skynja eðli aukasetninganna. Þess vegna er ómaksins vert að leggja undirflokkana á minnið.

Lítum á heildarmyndina í upphafi eins og gert er á bls. 103.

- a) **Atvikssetningar** gegna hliðstæðu hlutverki og **atviksorð**. Dæmi: Hann fer *þegar ég kem* (aukasetningin hefur hlutverk atviksorðs, sbr. *bráðum, fljótlega, strax*).
- b) **Fallsetningar** standa í tilteknu **falli**. Þær eru í stöðu fallorðs. Dæmi: Hann segir *að þetta sé svona* (aukasetningin er í stöðu fallorðs, sbr. Hann segir *söguna*).
- c) **Tilvísunarsetningar** standa yfirleitt á eftir því orði sem þær eiga sérstaklega við (**vísu til** þess orðs) og hafa gjarnan merkingu lýsingarorðs. Dæmi: Þetta er konan *sem á rauðu kápuna* (aukasetningin er í hlutverki lýsingarorðs: Þetta er *rauðklædda* konan).

Með þetta nesti í farangrinum er óhætt að hleypha nemendum í 4.6.1, 4.6.2 og 4.6.3.

En í sambandi við 4.6.1 þarf að skýra aðeins fyrir nemendum það sem sagt er á miðri síðunni (bls. 104): Á undan aukatengingunum með atvikssetningum geta farið önnur smáorð. Dæmi: **Hann fór af því að ég kom**. Við lítum eingöngu á **að** sem tengingu en **af því** er fs + fn, með öðrum orðum: forsetningarliður (FI). Svipað gildir um **þrátt fyrir það að**, einungis síðasta orðið (**að**) telst vera tenging, sbr. það sem stendur á miðri bls. 104.

Um fallsetningarnar á bls. 105 þarf að muna að tengingarnar eru *hvort og að*. Fallsetningin er í tilteknu falli eins og á dæmunum sést.

4.7 Aðalsetningar: skilgreining

Þessi kafli ætti ekki að valda vanda. Æfingarnar eru þægilegar og styrkja nemandann í því sem hann kann þegar.

Til greina kæmi að byrja á að skrifa málsgrein á töfluna (hún er hliðstæð spurningu 5 á bls. 110).

Ef allt gengur vel kem ég með gjöfina sem ég fékk í afmælisgjöf.

Kennarinn: Skiptið þessu í aðal- og aukasetningar.

[Ef veðrið verður skaplegt (aus)] [kem ég með barnið (as)] [sem mér finnst svo viðkvæmt (aus)].

Kennarinn: Eins og þið vitið er aukasetning hluti af annarri setningu. Sýnið fram á að svo sé með því að setja setningarliði inn í aðalsetninguna sem kæmu í stað aukasetninganna tveggja.

Í skaplegu veðri kem ég með viðkvæma barnið.

5 Allrahanda III

5.1 Fallbeyging

Sum þessara orða eru erfið í beygingu. Kannski mætti ræða í upphafi um beygingu mannanafna. Stundum gerist það að menn beygja nöfn ekki samkvæmt ríkjandi reglum, t.d. af því að þeim finnst beygingin erfið. Stundum ber handbókum ekki saman um beygingu. Þannig er nafnið Jenný beygt: Jenný – Jennýju – Jennýju – Jennýjar á vef Háskóla Íslands en: Jenný – Jenný – Jenný – Jennýjar í bókinni *Nöfn Íslendinga*.

Lítum á orðið *sóley/Sóley*. Ef átt er við blómið sóley, beygist það svona: sóley – sóley – sóley – sóleyjar. En ef átt er við kvenmannsnafnið Sóley, beygist það svona: Sóley – Sóleyju – Sóleyju – Sóleyjar. Þá má geta þess að til er nafnið Sóley sem heiti á Íslandi: Þá beygist það: Sóley – Sóley – Sóley – Sóleyjar.

Benda mætti á að yfirleitt er sagt: Sigurðardóttir en Sigurðsson. Reyndar skrifa sig sumir Sigurðarson. Þá skrifa sumir sig Bjarnarson en ekki Björnsson, sbr. einnig Þorbjarnarson/Þorbjarnardóttir og Þorbjörnsson/Þorbjörnsdóttir.

Nú skrifa líklega allir Hjartarson. En ekki er ýkjalangt síðan myndin Hjörtsson var til.

5.2 Að skrá staðsetningar

Þessi kafli tengist því að vísa til vegar. Þegar það er gert þurfa menn að vera nákvæmir í orðum. Í verkefninu sem hér um ræðir gefum við okkur að nemandinn hafi landakort við höndina. Að öðru leyti hefur hann frjálsar hendur við lýsinguna. Hugsanlega þarf að byrja í víðu samhengi og miða þá við landshluta eða fjarlægð (í km) frá Reykjavík. Síðan þyrfti að fara út í meiri smáatriði og greina frá hvar staðurinn er miðað við nærliggjandi staði, firði, nes, kaupstaði o.s.frv.

5.3 Íslandssagan og aldirnar

Hér reynir m.a. á hæfni nemandans til að leita upplýsinga, annaðhvort í handbókum eða á netinu. Mælt er með að í framhaldinu verði verkefnum dreift á nemendur þannig að hver og

einn (eða tveir og tveir) fái það sérverkefni að lýsa aðeins nánar þeim atburðum sem minnst á við hverja öld. Þannig opnast sögulegir gluggar jafnframt því sem nemendur fá að njóta sín frammi fyrir hóp.

5.4 Bókmenntir og aldirnar

Hér eiga sömu athugasemdir við og í 5.3.

5.5 Brottfall úr framhaldsskólum

Hér er ekki um annað að ræða en að lesa rétt út úr töfluupplýsingum. Í síðustu spurningunni á bls. 117 er svo farið fram á álit hvers nemanda. Fróðlegt gæti verið að fá skoðanir hans á þessu máli.

5.7 Orðflokkgreining

Hér mætti bregða á leik og gera stuttan útúrdúr á töflu um lýsingarorð og atviksorð. Kennari: greinið orðflokk undirstrikuðu orðanna

Hann fékk hægt _____ andlát. (Svar: lo)

Hann talaði mjög hægt _____ eftir heilablóðfallið. (Svar: ao)

Í æfingunni á bls. 119 kemur forsetningin *til* tvisvar fyrir. Í fyrra skiptið fylgir henni töluorð sem við hljótum þá að líta á í eignarfalli. Í seinna skiptið stendur *til* án þess að fallorð fylgi: nafnháttur er þarnæst á eftir (að sigla). Við verðum því að líta svo á að nafnhátturinn standi í eignarfalli! (Til greina kæmi líka að líta svo á að fornafnið *þess* væri undanskilið: til *þess* að sigla.)

Á bls. 120 mætti benda á orðin „eftir að“ og ræða þau aðeins. Best er að greina „að“ sem samtengingu, en hvað um smáorðið „eftir“? Sennilega er best að greina það sem forsetningu sem sýrir fallsetningunni: Við getum sagt „eftir það“, þ.e. við setjum „það“ í stað aukasetningarinnar. Þá er „eftir“ augljóslega forsetning sem stýrir þolfallinu á „það“. (En það er ekki hægt að amast við því þótt *eftir* sé greint sem atviksorð.)

5.8 Íslenska í framhaldsskóla

Í þessum kafla sjá nemendur lýsingu á þeirri íslenskukennslu sem framhaldsskólinn býður upp á. Gott væri ef kennari ræddi hverja lýsingu áður er farið verður í verkefnin. Í lýsingunni á bls. 121 (ÍSL 103) sést að þar er rifjað upp sitthvað sem nemendur hafa lært í grunnskóla. Vekja má athygli á orðalaginu „skrifað í skrefum“. Þetta er ferli sem reynst hefur vel og felst í því að nemandinn vinni eigin texta áfram, þ.e. fái athugasemdir við fyrstu gerð og vinni úr þeim. Þannig lærist honum hvernig bæta má eingin texta. Skólavefurinn býður upp á þjálfunarefni um ritun.

ÍSL 103 og 203 bjóða m.a. upp á munnlega tjáningu. Reynsla margra er sú að þessi þáttur verði gjarnan útundan. Hugsanlega er 10. bekkurinn kjörinn til að sinna munnlega þættinum. Skólavefurinn býður upp á þjálfun á þessu sviði, sjá *Lifandi frásagnir í skólum*.

Vekja má athygli á hvað goðafræði, fornsögur og fornkvæði skipa háan sess í íslenskunámi í framhaldsskólum, sjá einkum ÍSL 303. Vel kæmi til greina að ræða aðeins um það við nemendur hvað þeir hafa lesið um þessi efni. Hvaða norrænar goðsögur koma t.d. upp í hugann? Í námsefninu *Vanda málið* (ísl. á miðstigi) eru all margar goðsögur úr *Snorra-Eddu* (einnig grískar goðsögur) auk Íslendingaþátta (sbr. *Auðunar þátt vestfirska*). Í kafla 5.12 hér á eftir er dálítið óvenjulegt yfirlit um ýmsa helstu þætti sem snerta fornbókmenntir okkar.

5.9 Háskólanám

Í þessum kafla þarf nemandinn að sýna vissa leikni í upplýsingaleit. Jafnframt kynnist hann heildarskipulagi náms við Háskóla Íslands. Vinnan við þetta gæti vakið áhuga og umræður.

5.10 Íslenska við Háskóla Íslands

Verkefnið í þessum kafla krefjast ekki mikilla rannsókna. Miklu fremur er hér um það að ræða að nemendur fái grófa mynd og reyni að gera sér í hugarlund hvað kunnir að höfða til þeirra.

5.11 Sjálfvirkar veðurstöðvar – Lesið úr töflum

Hér er um að ræða hagnýtt atriði því allir þurfa einhvern tíma að rýna í veðurútlit og færð á vegum. Spurning hvort nemendur eigi yfirleitt auðvelt með slíkt. Hugsanlega reynist þetta einhverjum erfitt.

5.12 Edda, dróttkvæði og sögur

Þessi kafli er skrifaður með það í huga að sá sem útskrifast úr grunnskóla hafi fengið stutt en hnitmiðað yfirlit um fornsögur okkar og kvæði. Staðreyndin er sú að nemendur eiga erfitt með að gera sjálfum sér og öðrum grein fyrir meginatriðum þessa máls. Veit venjulegur nemandi t.d. að til eru *tvær eddur*? Getur hann skilgreint hugtakið *fornsögur*? Stendur hann á gati gagnvart hugtakinu *dróttkvæði* eða bókmenntafyrirbærinu *kenning*?

Ef kennari getur fengið nemandann til að lifa sig inn í þennan kafla er mikilvægum áfanga náð.

Hugsanlega mætti hefja leikinn með því að nefna sjálfa Brynhildi Buðladóttur, eina frægustu persónu germanska bókmennta. Saga hennar er til skráð í mörgum verkum og ólíkum gerðum; hún er t.d. ein aðalpersónan í hinu þýska *Niflungaljóði* frá því um 1200. Harmsaga hennar birtist okkur einnig í eddukvæðum og sömuleiðis í *Snorra-Eddu* (um 1230). Þar er saga hennar sögð í *Skáldskaparmálum* í köflum 48–49. Þetta er frásögn um ástir, lygar, svik, afbrýðisemi og morð. Brynhildur var svikin. Hún komst að svikunum þegar hún og Guðrún mágkona hennar voru að þvo sér um hárið í ánni Rín. Hún hefndi sín grimmilega með því að

láta drepa manninn sem hún elskaði (þ.e. Sigurð Fáfnisbana). Hér á eftir fer frásögnin um hárvottinn (sjá Snorra-Eddu, Skáldskaparmál, kafli 49).

Það var eitt sinn að Brynhildur og Guðrún gengu til vatns að bleikja hadda sína [þ.e. þvo sér um hárið]. Þá er þær komu til árinna þá óð Brynhildur út í ána frá landi og mælti að hún vildi eigi bera í höfuð sér það vatn er rynni úr hári Guðrúnu, því að hún átti búanda [þ.e. bónda, eiginmann] hugaðan betur. Þá gekk Guðrún á ána eftir henni og sagði að hún mátti fyrir því þvo ofar sinn hadd [hár] í ánni að hún átti þann mann er eigi Gunnar og enginn annar í veröldu var jafnfrækn, því að hann vó Fáfni og Regin og tók arf eftir báða þá.

Þegar Brynhildur hafði komst að svikum fékk hún mann sinn (Gunnar) til að láta drepa Sigurð. Síðan lét hún sig falla fram á sverð sitt og lét þar með lífið (hún elskaði Sigurð, mann Guðrúna). (Það var Sigurður – en ekki Gunnar – sem hafði riðið vafurlognann; hann hafði brugðið sér í gervi Gunnars; þar með eignaðist Gunnar Brynhildi með svikum.)

Margir þekja til óperuverks Richards Wagners, „Niflungahringinn“. Þar er m.a. sögð saga Sigurðar og Brynhildar en einnig kemur sjálfur Óðinn þar við sögu. Richard Wagner þekktir vel til forníslenskra bókmennta og nýtti sé m.a. hina íslensku *Völsunga sögu* (frá um 1250) þegar hann samdi Niflungahringinn.

6 Setningafræði II

6.1 Upprifjun

Þetta er mikilvægur upprifjunarkafli. Á bls. **139** snýst þetta um aðalsetningar og aukasetningar en á bls. **140** sjáum við dæmi um það hvernig mikilvægum setningarliðum er stundum sleppt. Þetta á ekki síst við þegar um fyrirsagnir (með tilheyrandi plássleysi) er að ræða. Þar er einmitt sögnin gjarnan undanskilin.

Á bls. **141** er brugðið á leik með gömlum brandara. Neðarlega á síðunni er svo sýnt hvað það getur skipt miklu máli að grípa til aukasetninga til að gera stílinn liprari.

Á bls. **142** reynir m.a. á þekkingu nemandans á fallsetningum. Þær eru tvær í málsgreininni. Til greina kæmi að segja nemendum strax í byrjun að þeir megi hafa bak við eyrað að *áhrifssagnir* komi hér við sögu og að þær stjórni falli á fallsetningum (*segja* + þf; og: *telja* + þf).

Lagt er til að línustrikaða plássið á bls. **142** verði notað til að skrifa málsgreinina upp í aðra hverja línu. Þá verði strikað undir aðalsetningar og aukasetningar í mismunandi litum (**As rauðar**, **Aus bláar**). Best væri að taka eina línu á hverja setningu nema fyrst, því að þar klýfur aukasetningin aðalsetninguna:

[**Jói (As1)**] [sem alltaf er með eitthvert rövl (Aus, **nánar tiltekið tilv.setn.**] **segir (As2)**]

[að ekki sé unnt að láta út kýrnar (Aus, **nánar tiltekið fallsetn.**)]

[en mamma hans telur (As)]

[að það sé óhætt þrátt fyrir slæm tíðindi af prestastefnu (Aus, **nánar tiltekið fallsetn.**)]

[sem haldin var í vikunni (Aus, **nánar tiltekið tilv.setn.**)]

Hér mætti leika sér aðeins meira til að sýna fram á hvernig aukasetningar eru alltaf hluti af annarri setningu.

Við getum gert fyrri tilvísunarsetninguna að lið í fyrri aðalsetningunni:

Hinn rövlandi Jói segir

Síðan getum við haldið áfram og gert fyrri fallsetninguna að lið í þessari aðalsetningu:

Hinn rövlandi Jói segir neikvæða sögu af kúm

Svo höldum við áfram og tökum nú seinni tilvísunarsetninguna og gerum hana að lið í seinni fallsetningunni (hér er m.ö.o. aukasetning (tilvís.setn.) liður í annarri aukasetningu (fallsetn.):

að það sé óhætt þrátt fyrir slæm tíðindi af nýliðinni prestastefnu

Nú getum við tekið þessa aukasetningu og reynt að gera hana að lið í seinni aðalsetningunni:

en mamma hans telur það óhætt þrátt fyrir slæm tíðindi af prestastefnu.

Á bls. **143** er ætlast til að nemendur beri saman texta. Hér erum við komin út í stílfræði. En til að geta rætt um hana er dýrmætt að geta beitt hugtökum úr setningafræði. Við sjáum því hér hagnýtinu setningafræðinámsins. Ef við þekkjum hugtökin getum við í örstuttu máli gert grein fyrir þeim mun sem er á framsetningu textanna. Hinar stuttu málsgreinar fyrri textans vekja tilfinningu hraða og spennu; það er engu ofaukið; hvergi staldrað við. Seinni textinn geymir aðeins þrjár málsgreinar. Þar er hraðinn minni en spenna er þó í lofti og allt heldur skuggalegt; lögð áhersla á að lýsa því sem fyrir augu ber, enda eru lýsingarorð hér áberandi.

Það er einmitt svo mikilvægt að geta tengt stíl við innihald texta. Í rómantískum lýsingum – eða t.d. landslagslýsingum – eru málsgreinar gjarnan langar: það er enginn að flýta sér. En ef t.d. bardaga er lýst eða miklum átökum eða örvæntingu, þá eru málsgreinar gjarnan stuttar (eins og andardráttur þeirra sem eru í uppnámi).

6.2 Setningarliðir

Á bls. 144 er afar einföld lýsing á setningarliðum. Það er meira að segja húmor í spili: Er Sigurjón gamall? Nei, hann er víst kornungur!

Framhald umræðunnar er á bls. **145**. Spurningin mikla er áfram þessi: Sá Jón **afa** eða **afa á Laugaveginum**? Með öðrum orðum: Er „afi á Laugaveginum“ einn setningarliður eða tveir?

Til að skýra nánar það sem sagt er um nafnliði neðst á bls. **146** skulum við taka nokkur dæmi.

1. Nafnliður birtist í frumlagi: *Mamma* (frl.) er í skólanum.
2. Nafnliður birtist í sagnlið: Nonni *hjálpaði konunni/ Gunnþórunn er kennari*. (Í fyrri tilvikinu er nafnliðurinn (konunni) andlag með sögninni hjálpa (sögn + andlag er hér sagnliður (SI). Í seinna dæminu er nafnliðurinn (kennari) sagnfylling með sögninni vera; sögn + sagnfylling = sagnliður (SI)).
3. Nafnliður birtist í forsetningarlið: *Mamma er í skólanum*. Hér er „í skólanum“ forsetningarliður (FI) sem samanstendur af forsetningu og nafnlið.

Halda mætti áfram að leika sér og segja t.d. að forsetningarliður geti verið hluti frumlags: *Afi á Laugaveginum er góður sögumaður*. Hér er forsetningarliðurinn „á Laugaveginum“ hluti frumlagsins. (Frumlagið samanstendur m.ö.o. af nafnlið (NI) og forsetningarlið (FI).

6.3 Hlutverk orða og liða

Ágætt er að nýta sér hér orðin *gerandi* og *þolandi*. Þetta tengist orðunum *germynd* og *þolmynd*. Sbr. það að í þolmyndinni er þolandinn áberandi (þjófurinn var handtekinn) en gerandinn hverfur í skuggann (við vitum ekki hver það var sem tók þjófinn!).

Í setningunni um verðbréfasalann eru verðbréfin þolandinn; við gætum einmitt búið til þolmynd þar sem sagt væri: Bréfin voru keypt – og þannig eru verðbréfin, þolandinn, komin í sviðsljósið en gerandinn horfinn!

Á bls. **148** er rætt um **frumlag**, og satt að segja ætti ekkert að koma okkur þar á óvart af því að við höfum þegar rætt flest af því sem þarna stendur. Það væri þá helst staða frumlagsins: Við megum ekki láta það blekkja okkur að stundum færist frumlag aftar í setningu, ekki síst ef sérstök áhersla er lögð á einhvern annan lið, t.d.: *Í dag* (forsetningarliður) er veðrið (frl.) gott (en í gær var það vont).

Á bls. **149** er rætt um **umsögn** og þar kemur ekkert á óvart heldur. Við þekkjum hugtökin sem tengjast umsögninni. Hér er í rauninni ekkert nýtt, en mikilvægt að festa sér í minni að *umsögn* er aðalsögn setningar ásamt þeirri hjálparsögn sem kann að fylgja henni.

Þá má einnig rifja upp í sambandi við dæmið „Björgu finnst...“ (5. lína á bls. **149**) að frumlag stendur í aukafall þegar *ópersónuleg sögn* fylgir. Í umræddu dæmi er þessi ópersónulega sögn í *miðmynd*. Gott er að rifja „gömlu hugtökin“ upp svona eins og óvart!

Neðst á bls. 149 hefði mátt setja aukaverkefni:

Myndið setningu þar sem frumlagið er í aukafalli og umsögnin er miðmyndarsögn.

Svar: Þér skjátlást í þessu máli!

Á bls. **150** er rætt um **andlag**. Gott gæti verið að byrja á að taka dæmi á töfluna:

Ég sagði henni sögu.

Síðan spyr kennarinn: greinið frumlag, umsögn, andlag og bendið á fallvaldinn.

Svar: Ég (frl.) sagði (us.) henni (andl.) sögu (andl.). Fallvaldur er sögnin (áhrifssögnin) *sagði*.

Áfram spyr kennarinn: Hvaða falli (föllum) stýrir sögnin *segja*? **Svar:** þgf. og þf.

Síðasta spurning kennarans: Hver er sagnliðurinn (SI)? **Svar:** *sagði henni sögu* (Sagnliðurinn er semsagt umsögnin ásamt andlaginu (andlögnum). [Það má líka rifja upp að sagnfylling er hluti sagnliðar (SI).]

Sagnfylling (bls. 151). Hér væri gott að byrja á að greina frá muninum á andlagi og sagnfyllingu. Þetta er einfalt: andlag stendur í aukafalli; sagnfylling stendur í nefnifalli. Rifjum einnig upp að sagnfylling stendur á eftir áhrifslausri sögn en andlagið kemur á eftir áhrifssögn.

Til að festa þetta í sessi getur kennari sett þessi fjögur hugtök á töfluna:

áhrifssögn – áhrifslaus sögn – andlag – sagnfylling

Síðan biður hann einhvern að draga línu á milli hugtakanna eins og við á.

Einkunn (bls. 152). Byrjum á að segja að einkunn *einkenni* nafnorðið, þ.e. lýsi því nánar. Hesturinn er ekki bara hestur heldur *rauður* hestur. Oftast er einkunnin lýsingarorð en getur – eins og dæmin á bls. 152 sýna – einnig verið fornafn eða töluorð.

Stundum er talað um **eignarfallseinkunn**: Hús *skáldsins*, dagur *vonarinnar*. Orðið sem stendur í eignarfallinu einkennir aðalorðið nánar: þetta er ekki bara hús, þetta er hús *skáldsins*.

6.4 Áhrifslausar sagnir og áhrifssagnir; tengsl þeirra við andlag og sagnfyllingu

Hér er einungis hnykkt á því sem nemendur hafa kynnst áður. Gott að fara einu sinni enn yfir það.

Neðst á síðunni er svo minnt á *fallvalda* (*fallstjórnendur*) og nemendur þurfa að sýna fram á sameiginlega eiginleika áhrifssagna og forsetninga: þetta eru fallstjórnendur (fallvaldar).

Gátuvísa Ármanns Dalmannssonar (lausnarorð í hverri línu):

Áin streymir meðfram mér.

Á mér er hægt að búa.

Fé í skjól mín flýtir sér.

Frá mér eggjar snúa.

Svar: bakki (1. árbakki, 2. bær sem heitir Bakki, 3. torf-bakki, 4. hnífs-bakki, sbr. „blað skilur bakka og egg“)

6.5 Verkefni sem festa hugtök í minni

Mælt er með því að kennari fari vandlega yfir bls. 154 með nemendum. Hann gæti sagt sem svo að sá nemandi sem átti sig á því sem þarna kemur fram geti leyst verkefni á eftir eins og að drekka vatn.

Kannski ætti kennari þó að skrifa fyrst á töfluna:

Káti nemandinn gleður þreytta kennarann á góðum degi.
Hægt og rólega bætir kennari við hornklofum og hugtakaheitum

[Káti(eink.) nemandinn](frl.) [gleður(us.) þreytta(eink.) kennarann](Sl)) [á (fs.) góðum (eink) degi](Fl)

Benda má á að nafnliðir (NI) eru þarna á ýmsum stöðum, t.d. í frumlaginu, sagnliðnum og forsetningarliðnum.

Æfingin á bls. **155** ætti að verða leikur einn (kennarinn í kaffi).

Sama er að segja um æfinguna á bls. **156** og verkefni 3 á bls. **157**.

Í verkefni 4 á bls. **157** er enn á ný minnst á aðal- og aukasetningar. Gaman er að rýna í blæbrigðamun merkingar eftir því hvort seinni setningin verður aðalsetning eða aukasetning. Enn á ný má minnst þess að aukasetning getur ekki staðið sjálfsett.

Áður en farið er í verkefni 5 á bls. **158** mætti kennarinn rifja það upp að fallsetning getur verið *andlag aðalsetningarinnar*. Með öðrum orðum: heil aukasetning (nánar tiltekið: fallsetning) stýrist af (áhrifs)sögninni í aðalsetningunni: Hann sagði (áhrifssögn) *að ég væri skemmtilegur*. Öll (skáletraða) aukasetningin stendur í aukafalli (þolfalli) rétt eins og orðið *sannleikann* í: Hann sagði *sannleikann*.

Rétt er að hafa í huga að fallsetning þarf ekki endilega að vera andlag aðalsetningarinnar. Fallsetning getur staðið í nefnifalli: *Að hann skuli hafa sagt þetta* veldur mér sorg. Hér er fallsetningin í nefnifalli – í hlutverki frumlags!: *Þetta* veldur mér sorg.

Verkefnið neðst á bls. **159** rifjar upp að ein setning getur fleygað aðra. Höfum í huga að þar getur verið um að ræða bæði aðalsetningar og aukasetningar.

Þetta er, segja sumir, skemmtilegur maður.

Hér er innskotssetningin aðalsetning rétt eins og hin.

En í eftirfarandi málsgrein er innskotssetningin aukasetning (tilvísunarsetning):

Konan mín, *sem ég kynntist í Kína*, er oft í rauðri kápu.

Við afmörkum innskotssetningarnar með kómmum.

6.6. Um málfar og málvillur

Í þessum kafla er reynt að beina málfarsumræðu í þægilegan farveg. Í stað þess að tala mikið um rangt mál og rétt er mælt með því að talað sé um óvandað mál og vandað, jafnvel óformlegt og formlegt. Slíkt gæt verið hvetjandi og líklegt til að draga úr fordómum í málumræðunni.

Aðstæður og umhverfi hafa mikil áhrif á það hvernig við beitum máli okkar. Stundum er talað um *málsnið* í þessu sambandi. Við tölum öðruvísi við jafnaldra en afa og ömmu. Það er ekki það sama að tala við eldhúsborðið og í útvarp. Og við skrifum öðruvísi en við tölum.

Kennarar hafa bent á að sumir unglingar geri engan greinarmun á talmáli og ritmáli. Gaman væri að ræða þetta við nemendur, t.d. í sambandi við það sem sagt er efst á bls. **161**.

Leggjum áherslu á umburðarlyndi í málfarsefnum. Sumir hneykslast á málfari náungans er segja svo sjálfir ýmislegt sem ekki telst viðurkennt mál. En það er gaman að benda á þessi sígildu atriði eins og hlakka (persónuleg sögn!), ég vil (ekki ég vill) o.s.frv. Hvað segja nemendur um þetta? Látum þá vera þátttakendur. Hlustum á viðhorf þeirra.

Aðalatriðið er að gera umræðuna skemmtilega og að vekja þannig áhuga nemendanna.

Kannski hefur málfarsumræða og málfræðikennsla einfaldlega ekki verið nógu skemmtileg.

Gripum stöðugt dæmi úr hversdagslífinu og ræðum þau og beitum jafnframt hugtökum málfræðinnar.

Gerum málfræðina að lifandi umræðuefni. Æfingin á bls. 165 ætti t.d. að vekja áhuga.

Og stundum má hlæja svolítið að klaufalegu orðalagi, sbr. verkefnið á bls. 171. Reynum að umorða. Og látum svo nemendur lesa upp eigin tilraunir til bóta.

Hvernig getum við bætt málfar okkar og þróað með okkur betri málsmekk? Svarið er í rauninni einfalt. Við þurfum að hugsa stöðugt um málið, fylgjast með umræðu um það og taka þátt í þeirri umræðu. En umfram allt þurfum við að lesa sem mest og skrifa sem mest (t.d. dagbók!)